

Tillaga til 501. fundar bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar þann 3. nóvember 2022

Tillaga frá 595. fundi skipulags- og mannvirkjanefndar, sem fram fór 27. október 2022, um að bæjarstjórn staðfesti framlagða tillögu að deiliskipulagi Stekkjarlæksbakka.

4. Hóll í Firði, Önundarfirði. Nýtt deiliskipulag á F37 -Stekkarlæksbakkar - 2022050043

Lögð fram umsögn Umhverfisstofnunar eftir auglýsingu tillögu skv. 1. mgr. 41. gr. laga nr. 123/2010 vegna deiliskipulagstillögu í landi Hóls í Firði, Stekkjarlæksbakka, í Önundarfirði. Einnig lagt fram erindi M11 arkitekta vegna umsagnar Umhverfisstofnunar.

Skipulags- og mannvirkjanefnd tekur ekki undir afstöðu Umhverfisstofnunar um að reiturinn sé að vernduðu svæði líkt og vísað er til í athugasemd stofnunarinnar, enda liggur fyrir að um ræktað land er að ræða. Nefndin tekur undir svarbréf M11 arkitekta vegna umsagnar Umhverfisstofnunar.

Skipulags- og mannvirkjanefnd leggur til við bæjarstjórn að staðfesta framlagða tillögu að deiliskipulagi Stekkjarlæksbakka.